

Höfuðborgarsvæðinu, 10. september 2014.

Til skólanefnda sveitarfélaga innan SHH sem fara með málefni grunnskóla.

Samráðshópur um símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu boðar til vinnustofu um málefni bráðgerra nemenda.

Staðsetning: Sjálandsskóli, Garðabæ.

Tími: Föstudagur 28. nóvember 2014 kl. 14.15-16.

Markmið vinnustofunnar er að kalla saman fulltrúa ýmissa hagsmunaaðila sem tengjast grunnskólastarfi til að ræða málefni bráðgerra nemenda. Fulltrúum í skólanefndum, fulltrúum foreldra, kennara og stjórnda í grunnskólum og starfsfólks á skóla-/fræðsluskrifstofum er boðið á fundinn.

Á vinnustofunni, sem áætlað er að nálægt 100 manns sæki, verða sjónarmið hagsmunaaðila í grunnskólum höfuðborgarsvæðisins sem tengjast málefum bráðgerra nemenda rædd. Meginverkefni vinnustofunnar er að ræða spurningar eins og:

1. Hverjur eru bráðgerir nemendur og hvaða þarfir hafa þeir?
2. Hvað þarf að gera til að mæta þörfum bráðgerra nemenda í skólastarfinu varðandi nám og vellíðan og hverjur hafa það verkefni?
3. Hverjar eru skyldur og ábyrgð sveitarfélaganna gagnvart þessum nemendum?

Í framhaldi af vinnustofunni mun samráðshópurinn huga að frekari fræðslu fyrir grunnskólakennara og byggja hana á þeim hugmyndum sem koma fram. Fræðslan mun fara fram á vorönn 2015 og áfram eins og þörf verður talin á.

Með þessu bréfi til skólanefndar er óskað eftir að hún kynni þetta erindi á fundum sínum og bjóði fulltrúum allra hópa sem eiga aðild að skólanefndinni (aðal- og varamenn, áheyrnarfulltrúar) að sækja vinnustofuna. Skráning í vinnustofuna fer fram í hverju sveitarfélagi fyrir sig og þarf að skrá sig á eftirfarandi netfang í þínu sveitarfélagi: vigfus@hafnarfjordur.is.

Skráningarfrestur er til 15. október 2014.

Samráðshópur um símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu:

Baldur Pálsson, Seltjarnarnes

Flosi Kristjánsson, Reykjavík

Katrín Friðriksdóttir, Garðabær

Magnea Steinunn Ingimundardóttir, Mosfellsbær

Ragnheiður Hermannsdóttir, Kópavogur

Vigfús Hallgrímsson, Hafnarfjörður

í samstarfi við Eddu Kjartansdóttur, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

F.h. samstarfshópsins,


Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla